

Suðurnesjabær

Ársreikningur

2018

Suðurnesjabær
Sunnubraut 4
250 Suðurnesjabæ
kt. 550518-1200

Suðurnesjabær

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-22

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Suðurnesjabæjar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfssemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Suðurnesjabæjar á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur fyrir sveitarfélög.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Suðurnesjabæ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Suðurnesjabær, 5. júní 2019

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Suðurnesjabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar Velferðarráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur bæjarfélagsins á árinu námu 3.851,7 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum 3.750,2 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu 3.644,8 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.540,1 milljón króna.

Laun og launatengd gjöld bæjarfélagsins námu 1.657,9 milljónum króna en meðalföldi stöðugilda bæjarfélagsins var á árinu 182,7.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð 53,2 milljónum króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 53,6 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð að fjárhæð 57,1 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu um 43,7 milljónum króna.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 3.798,4 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi en eigið fé A hluta 4.107,9 milljónum króna.

Íbúafjöldi í Suðurnesjabæjar 1. desember 2018 var 3.480 og var fjölgun um 97 einstaklinga frá fyrra ári.

Þann 10. júní 2018 sameinuðust sveitarfélögin Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður undir nafninu Suðurnesjabær. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningum sveitarfélaganna fram að þeim tíma og sameinads sveitarfélags Suðurnesjabæjar eftir þann tíma. Samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2017 eru samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum sveitarfélaganna.

Ársreikningur Suðurnesjabæjar fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Suðurnesjabær, 30. apríl 2019

Bæjarstjóri




Bæjarráð



Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar staðfestir hér með ársreikning Suðurnesjabæjar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Suðurnesjabær, 5. júní 2019

Bæjarstjórn



Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr	Bæjarsjóður			A og B hluti		
		2018	Áætlun	2017	2018	Áætlun	2017
Rekstrartekjur	3						
Skatttekjur		2.408.549	2.404.353	2.168.775	2.402.829	2.398.454	2.150.888
Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga		741.139	601.367	659.080	741.139	601.367	659.080
Lóðaleiga		28.557	27.271	18.714	28.557	27.271	18.714
Þjónustutekjur		448.273	491.154	602.381	618.206	669.491	647.395
Eignatekjur		18.259	15.977	12.392	60.954	53.597	37.834
		<u>3.644.778</u>	<u>3.540.122</u>	<u>3.461.342</u>	<u>3.851.686</u>	<u>3.750.180</u>	<u>3.513.910</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	4	1.628.914	1.600.000	1.461.587	1.657.920	1.632.440	1.496.702
Lífeyrisskuldbinding	14	121.234	70.584	135.583	145.770	84.204	138.251
Vöru- og þjónustukaup		1.251.095	1.260.292	1.253.248	1.319.756	1.281.691	1.190.037
Skattar og önnur opinber gjöld		2.128	2.311	13.492	4.458	9.222	2.288
Framlög og styrkir		277.966	305.621	250.147	252.466	305.621	207.125
		<u>3.281.337</u>	<u>3.238.808</u>	<u>3.114.058</u>	<u>3.380.371</u>	<u>3.313.178</u>	<u>3.034.403</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		363.441	301.314	347.284	471.315	437.002	479.507
Afskriftir	7	182.793	179.783	175.713	222.101	214.589	209.513
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		180.648	121.531	171.571	249.214	222.413	269.994
Fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld)	5	(123.511)	(77.869)	(75.588)	(196.011)	(168.837)	(134.347)
Rekstrarniðurstaða		<u>57.136</u>	<u>43.662</u>	<u>95.983</u>	<u>53.203</u>	<u>53.576</u>	<u>135.647</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	Bæjarsjóður		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eignir					
Varanlegir fastafjármunir	7				
Byggingaland, lóðir og opin svæði		843.993	819.596	843.993	819.596
Fasteignir		3.881.965	3.925.855	4.147.440	4.187.847
Hafnarmannvirki		14.611	16.007	114.189	103.487
Gatnakerfi		759.028	777.750	759.028	777.750
Veitukerfi		0	0	505.287	500.563
Búnaður		120.163	109.115	130.479	115.752
		<u>5.619.760</u>	<u>5.648.323</u>	<u>6.500.415</u>	<u>6.504.994</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í félögum	8	235.317	233.125	235.317	233.125
Langtímakröfur við B hluta félög		81.641	81.797	0	0
Aðrar langtímakröfur	9	3.773	3.708	3.773	3.708
Fyrirframgreitt vegna lífeyris	14	168.174	0	168.174	0
		<u>488.905</u>	<u>318.630</u>	<u>407.264</u>	<u>236.834</u>
Fastafjármunir		<u>6.108.665</u>	<u>5.966.953</u>	<u>6.907.679</u>	<u>6.741.828</u>
Skammtímakröfur					
Óinnheimtar tekjur	10	237.302	238.241	252.130	250.504
Fyrirframgreiddur kostnaður		3.712	0	3.712	0
Aðrar skammtímakröfur	11	96.768	92.384	131.875	119.840
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki B-hluti		101.416	89.038	0	0
		<u>439.198</u>	<u>419.663</u>	<u>387.717</u>	<u>370.344</u>
Handbært fé	11				
Bankainnstæður Framtíðarsjóðs		194.465	0	194.465	0
Handbært fé		535.226	761.207	552.336	761.983
		<u>729.691</u>	<u>761.207</u>	<u>746.801</u>	<u>761.983</u>
Veltufjármunir		<u>1.168.889</u>	<u>1.180.871</u>	<u>1.134.517</u>	<u>1.132.326</u>
Eignir		<u>7.277.553</u>	<u>7.147.824</u>	<u>8.042.196</u>	<u>7.874.154</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	Bæjarsjóður		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé	12				
Eigið fé		4.107.883	4.050.747	3.798.360	3.745.157
		<u>4.107.883</u>	<u>4.050.747</u>	<u>3.798.360</u>	<u>3.745.157</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Skuldir við lánastofnanir	13	1.741.485	1.644.692	2.611.182	2.554.669
Leigusamningar		106.814	108.434	106.814	108.434
Lífeyrisskuldbinding	14	802.336	715.231	941.968	836.193
Búseturréttur íbúa		0	0	12.082	0
		<u>2.650.635</u>	<u>2.468.357</u>	<u>3.672.045</u>	<u>3.499.296</u>
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki B-hluti		15.721	64.866	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	386.347	461.223	397.271	472.063
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	111.272	97.384	168.825	152.391
Næsta árs afborganir leiguskulda	15	5.695	5.247	5.695	5.247
		<u>519.035</u>	<u>628.720</u>	<u>571.791</u>	<u>629.700</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>3.169.670</u>	<u>3.097.077</u>	<u>4.243.836</u>	<u>4.128.997</u>
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar		<u>7.277.553</u>	<u>7.147.824</u>	<u>8.042.196</u>	<u>7.874.154</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

Skýr.	Bæjarsjóður			Samantekið A og B hluti		
	2018	Áætlun	2017	2018	Áætlun	2017
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarafkoma ársins	57.136	43.662	95.983	53.203	53.576	135.647
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé						
Afskrifur varanlegra rekstrarfjármuna	7	182.793	179.783	175.713	222.101	214.589
Sölu(hagnaður)/tap varanlegra rekstrarfjármuna		0	0	0	0	(8.841)
Gjaldfærsla fyrirfámgreidds kostnaðar		6.222	0	0	6.222	0
Sölutap (hagnaður) eignarhluta		0	0	(442)	0	(442)
Verðbætur og gengismunur		15.999	51.908	29.044	20.944	82.289
Breyting lífeyrisskuldbindinga	14	87.105	64.138	69.470	111.641	77.756
Veltufé frá rekstri		349.257	339.491	369.768	414.112	428.210
Skammtáskuldir, lækkun (hækkun)		(7.156)	0	(32.500)	(17.373)	0
Skammtáskuldir, hækkun (lækkun)		(71.247)	0	126.470	(71.162)	0
Skammtámalíðir á B - hluta fyrirtæki		(61.524)	(111.967)	(40.661)	0	0
Handbært fé frá rekstri		209.330	227.524	423.076	325.577	538.310
Fjárfestingahreyfingar						
Keyptir/seldir fastafjármunir	7	(154.231)	(222.800)	(237.625)	(217.523)	(368.800)
Fjárfesting og sala í eignarhlutum í félögum		(2.192)	0	500	(2.192)	0
Afborgun langtímakröfu		0	18	0	0	18
		(156.422)	(222.782)	(237.125)	(219.714)	(368.782)
Fjármögnunarahreyfingar						
Afborgun leiguskulda		(5.312)	0	(4.921)	(5.312)	0
Fjármagnstekjuskattur		0	0	0	441	0
Nýjar langtímaskuldir		161.000	0	0	161.000	0
Afborganir langtímaskulda		(62.087)	(100.562)	(94.797)	(93.281)	(154.256)
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	14	(178.026)	(6.000)	(22.467)	(183.893)	(6.000)
		(84.425)	(106.562)	(122.185)	(121.045)	(160.256)
Lækkun handbærs fjárs		(31.517)	(101.820)	63.767	(15.182)	(100.828)
Handbært fé í upphafi árs		761.207	616.825	697.440	761.983	616.045
Handbært fé í lok árs		729.691	515.005	761.207	746.801	515.217

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Þann 10. júní 2018 sameinuðust sveitarfélögin Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður undir nafninu Suðurnesjabær. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningum sveitarfélagna fram að þeim tíma og sameinads sveitarfélags Suðurnesjabæjar eftir þann tíma. Samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2017 eru samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum sveitarfélagna.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst Bæjarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Velferðarsjóð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Dvalar- og hjúkunarheimili, Fræðasetur og Bílastaðasjóður Sandgerðisbæjar.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun Suðurnesjabæjar fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskíllanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar Velferðarráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskyldum lóðum og lendum sem eru á endurmetnu virði í samræmi við álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum bæjarins.

Ársreikningur Bæjarsjóðs

Ársreikningur Bæjarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Velferðarsjóðs. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda Bæjarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til Bæjarsjóðs og B-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur Bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli Bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarlöga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilgreiningum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Skýringar

2. Reikningsskilaáðferðir (framhald)

Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuféttur seljanda hefur myndast.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskíladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikningi.

Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útstandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði eignanna og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum og sérstökum fráveituskatti. Framlög jöfnunarsjóðs til stofnfrankvæmda færast til lekkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1 sem fjallar um færslu leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhald og reikningsskílum sveitarfélaga. Þar kemur fram að sveitarfélag skuli fara inn í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja. Bókfært verð þeirra skal ákvarðast út frá fjárhæð skuldbindingar þegar samningar voru gerðir að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum frá þeim tíma. Skuldbindingar vegna leigusamninga skulu færðar til skuldar í efnahagsreikningi miðað við framreiknaðar eftirstöðvar þeirra þegar samningur var gerður.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskílum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirdis en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárréikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun.

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Ekki er færð hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga í reikningsskílum þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímakröfur

Langtímakröfur sem ætlunin er að eiga fram að gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufármuna.

Viðskipta- og skammtímakröfur

Viðskipta- og skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, samanber kafla um niðurfærslu eigna.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóð, innstæðum í bönkum í innlendum og erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að mæta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Kuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða en annars miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

Viðskipta- og skammtímaskuldir

Viðskipta- og skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kuldir er að ræða.

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreikningsins

Skrá yfir ábyrgðir sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu nr. 16.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2018 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjartjórn hefur samþykkt.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör.....	1.762.339	1.759.208	1.762.339	1.753.309
Fasteignaskattur.....	646.210	645.145	640.490	645.145
Lóðarleiga.....	28.557	27.271	28.557	27.271
	<u>2.437.107</u>	<u>2.431.624</u>	<u>2.431.386</u>	<u>2.425.725</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Framlag vegna fasteignaskatts.....	123.507	118.732	123.507	118.732
Framlag vegna grunnskóla.....	187.784	182.845	187.784	182.845
Framlag vegna útgjalda jöfnunar.....	174.633	181.456	174.633	181.456
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra.....	21.500	20.150	21.500	20.150
Framlag vegna tónlistarfræðslu.....	2.666	2.319	2.666	2.319
Framlag vegna nýbúafræðslu.....	9.620	9.620	9.620	9.620
Tekjujöfnunarframlag.....	81.430	86.245	81.430	86.245
Framlag vegna samcínungar.....	140.000	0	140.000	0
	<u>741.139</u>	<u>601.367</u>	<u>741.139</u>	<u>601.367</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	448.273	491.154	618.206	669.491
Eignatekjur.....	18.259	15.977	60.954	53.597
	<u>466.532</u>	<u>507.131</u>	<u>679.160</u>	<u>723.088</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>3.644.778</u>	<u>3.540.122</u>	<u>3.851.686</u>	<u>3.750.180</u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,52%		
Fasteignaskattur A - íbúðarhúsnæði.....		0,40%		
Fasteignaskattur B - skólar, leikskólar o.fl.....		1,32%		
Fasteignaskattur C - atvinnuhúsnæði Sandgerði.....		1,65%		
Fasteignaskattur C - atvinnuhúsnæði Garði.....		1,60%		

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Laun.....	1.302.302	1.297.638	1.325.421	1.323.838
Launatengd gjöld.....	326.611	302.362	332.499	308.602
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>1.628.914</u>	<u>1.600.000</u>	<u>1.657.920</u>	<u>1.632.440</u>
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2018.....	179,7		182,7	
Starfsmannafjöldi í árslok 2018.....			251	

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 86,0 milljónum króna á árinu 2018 (79,7 mkr. árið 2017).

Skýringar

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....	16.232	15.300	16.469	15.405
Arður af hlutabréfaeign.....	7.614	20.635	7.614	3.000
Vaxtatekjur frá B-hluta sjóðum.....	4.447	18.289	0	0
Aðrar vaxtatekjur.....	4.646	4.646	4.878	5.185
	<u>32.939</u>	<u>58.870</u>	<u>28.961</u>	<u>23.590</u>
Vextir og verðbætur langtímalána	(144.028)	(117.950)	(211.640)	(185.694)
Fjármagnstekjuskattur.....	(7.827)	(2.398)	(7.902)	(2.411)
Vaxtagjöld til B-hluta sjóða.....	0	(12.187)	0	0
Önnur vaxtagjöld.....	(4.595)	(4.204)	(5.430)	(4.322)
	<u>(156.451)</u>	<u>(136.739)</u>	<u>(224.972)</u>	<u>(192.427)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	<u>(123.511)</u>	<u>(77.869)</u>	<u>(196.011)</u>	<u>(168.837)</u>

6. Rekstur málaflokka og sjóða í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
A-hluta sjóðir:				
Skatttekjur.....	0	3.221.441	3.221.441	3.070.893
Félagsþjónusta.....	477.676	226.026	(251.650)	(295.465)
Fræðslu- og uppeldismál.....	1.783.379	69.248	(1.714.131)	(1.710.704)
Mennáingarmál.....	94.131	7.447	(86.684)	(86.032)
Íþróttá- og tómstundamál.....	441.872	79.933	(361.939)	(378.054)
Brunamál og almannavarnir.....	58.825	1	(58.824)	(60.265)
Hreinlætismál.....	57.097	51.913	(5.185)	(5.497)
Skipulags- og byggingarmál.....	87.810	22.066	(65.743)	(79.370)
Umferðar- og samgöngumál.....	136.952	1.244	(135.708)	(141.036)
Umhverfismál.....	74.716	98	(74.618)	(71.652)
Atvinnumál.....	30.291	4	(30.287)	(33.911)
Framlög til B-hluta stofnanir.....	25.500	0	(25.500)	(25.500)
Sameiginlegur kostnaður.....	325.580	15.693	(309.887)	(320.870)
Lífeyrisskuldbinding.....	121.234	0	(121.234)	(70.584)
Óvenjulegir liðir - Sameining.....	90.949	13.002	(77.947)	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	0	(95.221)	(95.221)	(71.794)
Aðalsjóður samtals.....	3.806.011	3.612.895	(193.116)	(279.841)
Eignarsjóður.....	429.263	679.515	250.253	323.503
Bæjarsjóður samtals.....	<u>4.235.274</u>	<u>4.292.410</u>	<u>57.136</u>	<u>43.662</u>
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta sjóðir:				
Hafnarsjóður.....	93.980	83.539	(10.441)	1.067
Dvalar- og hjúkrunarheimili.....	11.089	15.235	4.146	1.384
Félagslegar íbúðir.....	39.051	33.329	(5.723)	979
Fráveita.....	48.954	71.646	22.693	26.887
Vatnsveita.....	33.129	32.972	(157)	3.260
Fræðasetur.....	14.683	0	(14.683)	(6.029)
Bílastæðasjóður.....	6.548	6.779	231	0
	<u>247.434</u>	<u>243.501</u>	<u>(3.934)</u>	<u>27.548</u>
Millifærslur milli A og B hluta.....	0	0	0	(17.634)
Samantekt samtals.....	<u>4.482.708</u>	<u>4.535.911</u>	<u>53.203</u>	<u>53.576</u>

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Bæjarsjóður	Fasteignir	Byggingalund, lóðir og opin sv.	Gatnakerfi	Búnaður	Samtals
Bókfært verð 1.1.2018.....	3.925.855	819.596	777.750	125.122	5.648.323
Viðbót á árinu.....	60.248	38.470	31.072	24.441	154.231
Afskrifað á árinu	(104.138)	(14.072)	(49.794)	(14.789)	(182.793)
Bókfært verð 31.12.2018.....	3.881.965	843.993	759.028	134.774	5.619.760

Afskriftaprósenta.....	0-10%	0-4%	4%	10-15%
------------------------	-------	------	----	--------

Samantekið	Fasteignir	Byggingalund, lóðir og opin sv.	Götur og veitakerfi	Aðrar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2018.....	4.187.847	819.596	1.278.313	219.239	6.504.994
Viðbót á árinu.....	75.775	38.470	55.410	47.868	217.523
Afskrifað á árinu	(116.181)	(14.072)	(69.408)	(22.440)	(222.101)
Bókfært verð 31.12.2018.....	4.147.440	843.993	1.264.315	244.667	6.500.415

Afskriftaprósenta.....	0-10%	0-4%	3-4%	4-15%
------------------------	-------	------	------	-------

Fasteignamat og vátryggingamat fasteigna og lóða og lenda í árslok greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Leik- og skólahúsnæði.....	1.499.475	3.769.229	2.853.613
Íbúðarhúsnæði.....	917.825	1.359.587	235.999
Aðrar fasteignir.....	611.378	1.596.979	1.057.828
Lóðir og lenda.....	1.266.114	0	843.993
	4.294.792	6.725.795	4.991.433

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki og götulýsing tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur 671 milljón króna, vatnsveitu 131 milljónum króna, hafnarmannvirka 2.816 milljónum króna og götulýsingar 318 milljónum króna í árslok 2018.

8. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

	Hlutdeild	Bæjarsjóður		Samantekið
		Nafnverð	31.12.2018	31.12.2018
Bláa lónið hf.	0,03%	217	344	344
Brunavarnir Suðurnesja bs.....	15,27%		57.060	57.060
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.....	3,02%	15.340	26.302	26.302
Fasteignafélagið Sunnubraut 4 ehf.....	34,25%	12.500	12.660	12.660
Garðskagi ehf.....	9,20%	800	3.000	3.000
Heilsufélag Reykjaness ehf.....	10,00%	100	100	100
Heilsufélagið Bláa Lónið	0,04%	272	510	510
Hreyfing Eignarhaldsfélag ehf.....	0,04%	24	24	24
HS veitur hf.....	0,09%	916	916	916
Landskerfi bókasafna hf.....	0,76%	756	756	756
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	1,09%	54.500	96.562	96.562
Sorpeyðingastöð Suðurnesja sf.	12,98%		47.513	47.513
Taramar ehf.....	0,77%	4	2.229	2.229
Afskriftareikningur eignarhluta			(12.660)	(12.660)
		85.430	235.317	235.317

Skýringar

9. Langtímakröfur

	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2018	31.12.2018
Bókfært verð í ársbyrjun	3.708	3.708
Verðbætur og gengismunur	65	65
	<u>3.773</u>	<u>3.773</u>
Langtímakröfur greinast þannig:		
